



Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands

Ársreikningur 2024

Íþróttta- og Ólympíusamband Íslands

Kennitala: 670169-0499

Engjavegi 6, 104 Reykjavík

Ársreikningur 2024

Efnisyfirlit	Bls.
Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4-5
Áritun skoðunarmanna	6
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8
Sjóðstreymi	9
Afrekssjóður ÍSÍ - ársyfirlit	10
Ferðasjóður íþróttafélaga - ársyfirlit	11
Viðhalds- og byggingarsjóður ÍSÍ - ársyfirlit	12
Svæðisstöðvar íþróttahéraða - ársyfirlit	13
Skýringar og sundurliðanir með ársreikningi	14-19
Yfirlit ÍSÍ, sérgreindra sjóða og verkefna	20
Samanburður rekstrar við fjárhagsáætlun	21

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Íþróttta- og Ólympíusamband Íslands (ÍSí) eru heildarsamtök íþróttahreyfingarinnar á Íslandi og æðsti aðili frjálsrar íþróttastarfsemi í landinu samkvæmt íþróttalögum nr. 64/1998. Eitt af meginverkefnum ÍSí er að efla, samræma og skipuleggja íþróttastarfsemi á Íslandi, auk þess að styðja við þróun hvers kyns íþróttar, jafnt almennings- og afreksíþróttar. Aðsetur sambandsins er í Laugardal. Fjöldi ársverka á reikningsárinu voru 23,3 samanborið við 15,8 á fyrra ári, en á árinu bættist við starfsfólk svæðisstöðva.

Hagnaður samstæðureikningsskila Íþróttta- og Ólympíusambands Íslands á árinu nam 30 milljónum króna. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir um 3.059 milljónum króna og bókfært eigið fé í árslok er um 2.240 milljónir króna.

Framsetningu ársreiknings var breytt að loknu Íþróttþingi ÍSí 2023 þannig að hreyfingar sjóða eru teknar með í rekstrarreikningi ÍSí en ekki eingöngu rekstur skrifstofu ÍSí. Þannig byggir hagnaður ársins á auknum tekjum til Viðhalds- og byggingarsjóðs ÍSí sem ætlað er að standa undir stærra viðhaldi og framkvæmdum við Íþróttamiðstöðina í Laugardal.

Á árinu 2023 fékkst greiddur stuðningur frá stjórnvöldum til reksturs svæðisskrifstofa íþróttahreyfingarinnar vegna árána 2024 og 2025 og Hvatasjóðs tengdu því verkefni. Um er að ræða samstarfsverkefni ÍSí og UMFÍ. Hafa þær tekjur einnig töluverð áhrif á rekstrarniðurstöðu ársins, þar sem verkefnið hófst ekki að fullu fyrr en um mitt ár 2024.

Áfram hafa framkvæmdir í Íþróttamiðstöðinni átt sér stað á árinu 2024. Unnið hefur m.a. verið að jarðskjálftastyrkingu húsa og bættum loftgæðum í húsi 3 og hefur framlag úr Viðhalds- og byggingarsjóði komið til móts við þann kostnað. Áframhaldandi framkvæmdir eru á dagskrá á næstu árum, en almennar framkvæmdir í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal hafa að mestu verið greiddar af rekstrarfé ÍSí.

Kostnaður við almennan rekstur ÍSí var hærri á árinu 2024 en áætlanir gerðu ráð fyrir. Byggir sú kostnaðaraukning á auknum kostnaði við verkefni, s.s. Ólympíuleika, en líkt og með allar einingar inni í ÍSí má vel merkja að flestallir kostnaðarliðir hafa hækkað á meðan að tekjur standa í stað. Rekstrarniðurstaða af reglulegri starfsemi ÍSí er því neikvæð á árinu 2024.

Fasteignir ÍSí eru afskrifaðar um 1% á árinu, en slíkt var ekki í fyrri ársreikningum. Þá er í fyrsta skipti verið að færa hlutdeildartekjur frá Íslenskri getspá inn í samstæðureikningsskil ÍSí.

Að áliti stjórnenda og framkvæmdastjóra Íþróttta- og Ólympíusambands Íslands koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sambandsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Forseti, gjaldkeri framkvæmdastjórnar og framkvæmdastjóri ÍSí staðfesta hér með ársreikning sambandsins fyrir árið 2024 með undirritun sinni fyrir hönd framkvæmdastjórnar ÍSí.

Reykjavík, 9. apríl 2025

Lárus L. Blöndal
forseti ÍSí

Hörður Þorsteinsson
gjaldkeri framkvæmdastjórnar ÍSí

Andri Stefánsson
framkvæmdastjóri ÍSí

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands fyrir árið 2024, að undanskilinni skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sambandsins á árinu 2024, efnahag þess 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Ársreikningurinn innifelur:

- Skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra
- Rekstrarreikning ársins 2024
- Efnahagsreikning 31. desember 2024
- Sjóðstreymi ársins 2024
- Afrekssjóð ÍSÍ - ársfirlit 2024
- Ferðasjóð íþróttafélaga - ársfirlit 2024
- Viðhalds- og byggingarsjóð ÍSÍ - ársfirlit 2024
- Svæðisstöðvar íþróttahéraða - ársfirlit 2024
- Skýringar, sem innifela mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra er undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda.

Óhæði

Við erum óháð sambandinu samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðaregla sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi sambandsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðaregla.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra sem lá fyrir við áritun okkar.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra og við staðfestum hana ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi sambandsins ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar, sem tilgreindar eru hér að ofan, þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Áritun óháðs endurskoðanda

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum sambandsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning sambandsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa sambandið upp eða hætta rekstri þess, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi sambandsins. Stjórnendum sambandsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sambandsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi sambandsins eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi þess. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að sambandið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Reykjavík, 9. apríl 2025

PricewaterhouseCoopers ehf.

Sara Henný H. Arnbjörnsdóttir
löggiltur endurskoðandi

Áritun skoðunarmanna

Við kjörnir skoðunarmenn ársreiknings Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands höfum farið yfir ársreikning þennan fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi, ársyfirlit Afrekssjóðs, Ferðasjóðs Íþróttafélaga, Viðhalds- og byggingarsjóðs, Svæðisstöðva Íþróttahéraða og skýringar.

Reykjavík, 9. apríl 2025

Jón Þorkelsson

Sigríður Ármannsdóttir

Rekstrarreikningur ársins 2024

		2024	2023
	Skýr.		
Rekstrartekjur			
Framlag ríkissjóðs	8	846.723.485	825.900.000
Úthlutanir frá Íslenskri getspá og Íslenskum getraunum	9	1.468.178.819	1.454.131.280
Erlendir styrkir frá IOC og EOC	10	116.217.313	88.762.091
Húsaleigutekjur		55.156.984	51.209.660
Aðrar tekjur	11	110.720.225	122.106.290
		<u>2.596.996.826</u>	<u>2.542.109.321</u>
Rekstrargjöld			
Veitt framlög og styrkir	8,9	1.829.570.208	1.886.011.683
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	12	260.797.960	240.662.819
Fræðsla og almenningsíþróttir	13	61.221.508	60.352.423
Afreksíþróttir og leikar	14	116.772.201	121.849.082
Íþróttamiðstöðin í Laugardal	15	94.841.653	100.254.582
Svæðisstöðvar íþróttahéraða		115.101.107	0
Annar kostnaður	16	81.945.622	57.987.386
Afskriftir		8.402.500	8.346.500
		<u>2.568.652.759</u>	<u>2.475.464.475</u>
<i>Hagnaður (tap) fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</i>		<u>28.344.067</u>	<u>66.644.846</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		76.309.575	32.454.181
Vaxtagjöld		(21.996)	(124.531)
Gengismunur		(290.069)	(216.558)
		<u>75.997.510</u>	<u>32.113.092</u>
Önnur hlutdeild frá Íslenskri getspá	4	(74.324.019)	9.641.238
Afkoma ársins		<u>30.017.558</u>	<u>108.399.176</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

Eignir

		<u>2024</u>	<u>2023</u>
	Skýr.		
<i>Fastafjármunir</i>			
Varanlegir rekstrarfjármunir			
Fasteignir	3	856.900.000	840.250.000
Eignarhlutir í félögum			
Íslensk getsþá, hlutdeild í eigin fé	4	794.511.279	868.835.298
<i>Fastafjármunir alls</i>		<u>1.651.411.279</u>	<u>1.709.085.298</u>

Veltufjármunir

Viðskiptakröfur og fyrirfram greiddur kostnaður	5	130.278.803	205.107.216
Handbært fé	2	1.277.348.714	1.044.651.370
<i>Veltufjármunir alls</i>		<u>1.407.627.517</u>	<u>1.249.758.586</u>

<i>Eignir samtals</i>		<u>3.059.038.796</u>	<u>2.958.843.884</u>
------------------------------------	--	----------------------	----------------------

Eigið fé og skuldir

		<u>2024</u>	<u>2023</u>
	Skýr.		
<i>Eigið fé</i>			
Óráðstafað eigið fé	6	2.239.678.290	2.184.608.232
<i>Eigið fé alls</i>		<u>2.239.678.290</u>	<u>2.184.608.232</u>

Skuldir

Langtímaskuldir

Fyrirfram innheimtar tekjur vegna svæðisstöðva	2	100.000.000	200.000.000
--	---	-------------	-------------

Skammtímaskuldir

Ógreidd starfsmannagjöld		31.533.769	18.743.966
Ógreiddir styrkir		167.152.177	162.735.087
Viðskiptaskuldir		255.998.046	192.756.599
Fyrirfram innheimtar tekjur vegna svæðisstöðva	2	264.676.515	200.000.000
<i>Skammtímaskuldir alls</i>		<u>719.360.507</u>	<u>574.235.652</u>

<i>Eigið fé og skuldir samtals</i>		<u>3.059.038.796</u>	<u>2.958.843.884</u>
---	--	----------------------	----------------------

Sjóðstreymi ársins 2024

	2024	2023
Skýr.		
Rekstrarhreyfingar		
Afkoma ársins	30.017.558	108.399.176
<i>Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á hreint veltufé:</i>		
Önnur hlutdeild frá Íslenskri getspá	74.324.019	(9.641.238)
Afskriftir	8.402.500	8.346.500
Veltufé frá rekstri	112.744.077	107.104.438
<i>Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum:</i>		
Skammtímakröfur	74.828.412	(155.944.258)
Skammtímaskuldir	(54.875.145)	198.609.524
	19.953.267	42.665.266
Handbært fé frá rekstri	132.697.344	149.769.704
Fjármögnunarhreyfingar		
Fyrirfram innheimtar tekjur tengt svæðisstöðvum	0	200.000.000
Fjármögnunarhreyfingar	0	200.000.000
Breyting á handbæru fé	132.697.344	349.769.704
Handbært fé í ársbyrjun	1.044.651.370	694.881.666
Handbært fé í árslok	1.177.348.714	1.044.651.370
Greiddir vextir	(21.996)	(124.531)
Innborgaðar vaxtatekjur	76.309.575	32.454.181

Afrekssjóður ÍSÍ - ársyfirlit 2024

Rekstrarreikningur

		2024	2023
	Skýr.		
Rekstrartekjur			
Framlag ríkissjóðs.....	8	392.000.000	392.000.000
Framlag ÍSÍ af tekjum frá Íslenskri getspá.....	9	105.480.299	103.983.096
Fjármunatekjur.....		3.766.501	7.946.670
		<u>501.246.800</u>	<u>503.929.766</u>
Rekstrargjöld			
Styrkveitingar.....	2	516.143.098	541.065.000
Niðurfelldir styrkir.....		(11.574.445)	(10.863.040)
Launa- og umsýslukostnaður ÍSÍ.....		3.000.000	3.000.000
Fagleg þjónusta Afrekssviðs ÍSÍ.....		10.000.000	10.000.000
Ráðgjöf og heilbrigðisteymi.....		4.000.000	4.000.000
Annar kostnaður.....		188.770	409.330
		<u>521.757.423</u>	<u>547.611.290</u>
Afkoma ársins.....		<u>(20.510.623)</u>	<u>(43.681.524)</u>

Efnahagsreikningur

Eignir

Viðskiptareikningur ÍSÍ.....		3.952.793	7.064.350
Krafa á fjármagnstekjuskatt.....		0	16.481
Fyrirframgreiddir styrkir.....		0	33.000.000
Handbært fé.....	2	108.112.629	88.077.869
		<u>112.065.422</u>	<u>128.158.700</u>

Eigið fé og skuldir

Eigið fé

Óráðstafað eigið fé 1.1.		89.322.337	133.003.861
Afkoma ársins.....		(20.510.623)	(43.681.524)
		<u>68.811.714</u>	<u>89.322.337</u>

Skammtímaskuldir

Ógreiddir styrkir.....		43.253.708	38.836.363
		<u>43.253.708</u>	<u>38.836.363</u>

Eigið fé og skuldir samtals.....		<u>112.065.422</u>	<u>128.158.700</u>
---	--	--------------------	--------------------

Ferðasjóður Íþróttafélaga - ársyfirlit 2024

Rekstrarreikningur

		2024	2023
	Skýr.		
<i>Rekstrartekjur</i>			
Framlag ríkissjóðs.....	8	126.900.000	126.900.000
Fjármunatekjur.....		2.774.150	950.447
		<u>129.674.150</u>	<u>127.850.447</u>
 <i>Rekstrargjöld</i>			
Styrkveitingar	2	124.809.566	123.898.724
Umsýslukostnaður.....		3.000.000	3.000.000
Annar rekstrarkostnaður.....		94.000	0
		<u>127.903.566</u>	<u>126.898.724</u>
 <i>Afkoma ársins.....</i>		<u>1.770.584</u>	<u>951.723</u>

Efnahagsreikningur

Eignir

Viðskiptareikningur ÍSí.....		1.588.903	76.965
Handbært fé.....	2	129.123.537	128.865.146
		<u>130.712.440</u>	<u>128.942.111</u>

Eigið fé og skuldir

Eigið fé

Óráðstafað eigið fé 1.1.....		5.043.387	4.091.664
Afkoma ársins.....		1.770.584	951.723
		<u>6.813.971</u>	<u>5.043.387</u>

Skammtímaskuldir

Ógreiddir styrkir.....		123.898.469	123.898.724
		<u>123.898.469</u>	<u>123.898.724</u>

<i>Eigið fé og skuldir samtals.....</i>		<u>130.712.440</u>	<u>128.942.111</u>
--	--	--------------------	--------------------

Viðhalds- og byggingarsjóður ÍSÍ - ársyfirlit 2024

Rekstrarreikningur

		<u>2024</u>	<u>2023</u>
	Skýr.		
<i>Rekstrartekjur</i>			
Hlutdeild í auka Lottógreiðslum.....	9	116.675.000	128.342.500
Fjármunatekjur.....		25.353.361	10.291.847
		<u>142.028.361</u>	<u>138.634.347</u>
<i>Rekstrargjöld</i>			
Viðhald húsnæðis.....		23.569.462	0
		<u>23.569.462</u>	<u>0</u>
<i>Afkoma ársins.....</i>		<u>118.458.899</u>	<u>138.634.347</u>

Efnahagsreikningur

Eignir

Handbært fé	2	397.270.067	255.241.706
		<u>397.270.067</u>	<u>255.241.706</u>

Eigið fé

Eigið fé

Óráðstafað eigið fé 1.1.....		255.241.706	116.607.359
Afkoma ársins.....		118.458.899	138.634.347
		<u>373.700.605</u>	<u>255.241.706</u>

Skammtímaskuldir

Ógreiddur kostnaður.....		23.569.462	0
		<u>23.569.462</u>	<u>0</u>

<i>Eigið fé og skuldir samtals.....</i>		<u>397.270.067</u>	<u>255.241.706</u>
--	--	--------------------	--------------------

Svæðisstöðvar íþróttahéraða - ársyfirlit 2024

Rekstrarreikningur

		2024	2023
	Skýr.		
<i>Rekstrartekjur</i>			
Framlag ríkissjóðs.....	8	35.323.485	0
Lottótekjur frá ÍSí.....	9	50.152.000	0
Lottótekjur frá UMFÍ.....		29.625.622	0
Fjármunatekjur.....		36.074.329	0
		<u>151.175.436</u>	<u>0</u>
<i>Rekstrargjöld</i>			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....		101.189.115	0
Húsaleiga.....		3.570.639	0
Ferða- og fundakostnaður.....		4.596.309	0
Annar kostnaður.....		5.745.044	0
		<u>115.101.107</u>	<u>0</u>
<i>Afkoma ársins.....</i>		<u><u>36.074.329</u></u>	<u><u>0</u></u>

Efnahagsreikningur

Eignir

Viðskiptareikningur ÍSí.....		10.538.945	0
Handbært fé.....	2	<u>390.211.899</u>	<u>400.000.000</u>
		<u><u>400.750.844</u></u>	<u><u>400.000.000</u></u>

Eigið fé og skuldir

Eigið fé

Óráðstafað eigið fé 1.1.		0	0
Afkoma ársins.....		<u>36.074.329</u>	<u>0</u>
		<u><u>36.074.329</u></u>	<u><u>0</u></u>

Skuldir

Langtímaskuldir

Fyrirfram innheimtar tekjur		100.000.000	200.000.000
-----------------------------------	--	-------------	-------------

Skammtímaskuldir

Fyrirfram innheimtar tekjur		<u>264.676.515</u>	<u>200.000.000</u>
		<u><u>264.676.515</u></u>	<u><u>200.000.000</u></u>

<i>Eigið fé og skuldir samtals.....</i>		<u><u>400.750.844</u></u>	<u><u>400.000.000</u></u>
--	--	---------------------------	---------------------------

1. Almennar upplýsingar

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands (ÍSÍ) eru heildarsamtök íþróttahreyfingarinnar á Íslandi og æðsti aðili frjálsrar íþróttastarfsemi í landinu og í erlendum samskiptum íþróttahreyfingarinnar samkvæmt íþróttalögum nr. 64/1998. Sambandið er með aðsetur að Engjavegi 6 í Reykjavík.

2. Reikningsskilaaðferðir og sérstakar skýringar

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur ÍSÍ er gerður í samræmi við lög um ársreikninga á Íslandi og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Fasteignir sambandsins eru þó eignfærðar á fasteignamati að öllu leyti samanber skýringu 3 og eignarhlutur í Íslenskri getspá er færður eftir hlutdeildaraðferð samanber skýringu 4. Ársreikningurinn er gerður miðað við áframhaldandi starfsemi.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Skráning tekna

Rekstrarstyrkir frá ríkissjóði eru samkvæmt samningum við ríkið og samkvæmt fjárlögum. Tekjur frá Íslenskri getspá eru færðar samkvæmt úthlutunarreglum sem Íþróttaping ÍSÍ setur. Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög um ársreikninga. Styrkir eru færðir meðal fyrirframgreiddra tekna í efnahagsreikningi ef styrkur berst áður en farið er í verkefni.

Styrkúthlutanir

Úthlutanir á styrkjum úr sjóðum sambandsins fer samkvæmt reglugerðum og samningum þar um. Styrkveitingar eru gjaldfærðar þegar ákvörðun um úthlutun hefur verið tekin og þær samþykktar af stjórn ÍSÍ, þegar það á við.

Ábyrgðarskuldbindingar

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands er ekki í ábyrgðum fyrir þriðja aðila.

Erlendir gjaldmiðlar

Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar til eignar á síðasta skráða gengi ársins.

Viðskiptakröfur og viðskiptaskuldir

Viðskiptakröfur og viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði. Viðskiptakröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum sambandsins.

Handbært fé

Handbært fé samkvæmt efnahagsreikningi og sjóðstreymi samanstandur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Önnur verkefni

ÍSÍ og Landssamband eldri borgara (LEB) hafa haldið út verkefni sem ber nafnið Bjartur lífsstíll – Heilsuefling 60+. Gerður var samningur við félags- og vinnumálaráðuneytið um styrk til að standa fyrir átaksverkefni til eins árs um heilsueflingu eldra fólks og hófst verkefnið í janúar 2022, þar sem ÍSÍ og LEB réðu einn starfsmann hvort í verkefnið. Í desember 2022 var svo undirritaður samningur um árs framlengingu á verkefninu og aftur var verkefnið framlengt í lok árs 2023.

ÍSÍ annast Erasmus+ verkefnið Íþróttavika Evrópu og hlýtur til þess árlegan styrk úr Erasmus+ styrkjakerfi Evrópuráðsins (European Commission). Einnig er ÍSÍ einn af samstarfsaðilum fræðsluverkefnisins 5C's, sem er þriggja ára samstarfsverkefni einnig á styrk frá Erasmus+ styrkjakerfinu. Samstarfsaðilar ÍSÍ í því verkefni eru UMFÍ, KSÍ, FSÍ, Háskólinn í Reykjavík og Nottingham Trent University á Englandi, en verkefninu lauk árið 2024.

Skýringar

2. Reikningsskilaaðferðir og sérstakar skýringar, frh.

Skattamál

ÍSí er ekki skattskyld hvað varðar tekjuskatt.

ÍSí er á almannaheillaskrá Skattsins og greiðir því ekki fjármagnstekjuskatt.

Starfsmannamál

Launakostnaði sambandsins er dreift í rekstrarreikningi niður á viðeigandi kostnaðarliði, sjá nánari sundurliðun á launakostnaði:

Laun og launatengd gjöld samtals:	2024	2023
Vinnulaun	262.766.825	182.942.107
Mótframlag í lífeyrissjóð	35.644.046	24.150.146
Launatengd gjöld, dagpeningar og áfallið orlof	47.305.541	31.200.953
Endurgreiddur launakostnaður	(423.000)	(341.000)
	<u>345.293.412</u>	<u>237.952.206</u>
Fjöldi ársverka	<u>23,3</u>	<u>15,8</u>

Laun og þóknanir til stjórnenda sambandsins námu kr. 31,0 milljónum á árinu 2024 samanborið við kr. 29,8 milljónir árið áður.

3. Fastafjármunir

Fasteignir

Á árinu 2022 var lokið við eignaskiptayfirlýsingu á Engjavegi 6 og hefur henni verið þinglýst. Jafnframt eru fasteignir sambandsins að Engjavegi 6 komnar undir eitt fastanúmer. Í ársreikningi þessum eru fasteignir sambandsins eignfærðar á fasteignamatsverði og virðisbreytingar færðar yfir eigið fé. Lóðaleigusamningur liggja ekki fyrir vegna fasteigna sambandsins.

Árslok 2023:	Fasteignir
Bókfært verð í ársbyrjun	834.650.000
Leiðrétting vegna afskrifta ársins	(8.346.500)
Leiðrétt endurmat ársins	<u>13.946.500</u>
Bókfært verð í árslok	840.250.000

Árslok 2024:	Fasteignir
Bókfært verð í ársbyrjun	840.250.000
Afskriftir ársins	(8.402.500)
Endurmat ársins	<u>25.052.500</u>
Bókfært verð í árslok	856.900.000

Bókfært verð í árslok 2024 greinist þannig:	
Kostnaðarverð	873.649.000
Afskrifað samtals	<u>(16.749.000)</u>
Bókfært verð í árslok	856.900.000

Sambandið hóf að afskrifa fasteignir sínar á árinu 2024 og hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs. Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til að gjaldfæra mismun á kostnaðar-/endurmetnu verði og hrakvirði á áætluðum nýtingartíma eignanna sem er áætlaður 100 ár.

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til.

Fasteignamat og váttryggingaverðmæti:	Fasteignamat, hús	Fasteignamat, lóð	Brunabótamat
Engjavegur 6 - F2019523	670.150.000	186.750.000	1.283.000.000

Skýringar

4. Eignarhlutir í félögum

Eignarhluti ÍSÍ í Íslenskri getspá er eignfærður samkvæmt hlutdeildaraðferð. Framlög frá Íslenskri getspá eru tekjufærð meðal rekstrartekna vegna eðli starfseminnar og er mismunur á milli afkomuhlutdeildar og úthlutunar færður sem önnur hlutdeild í rekstrarreikning sambandsins.

Hreyfing eignarhlutar greinist þannig:

	2024	2023
Bókfært verð í upphafi árs	868.835.298	859.194.060
Hlutdeild í afkomu ársins	1.365.854.799	1.326.097.520
Úthlutun ársins	(1.440.178.818)	(1.316.456.282)
Bókfært verð í lok árs	794.511.279	868.835.298

Eignarhlutur sambandsins í Íslenskri getspá er 46,67%. Íslensk getspá sf. er með aðsetur að Engjavegi 6 í Reykjavík.

5. Viðskipti við tengda aðila

Tengdir aðilar eru hlutdeildarfélag, stjórn ÍSÍ, framkvæmdastjóri og nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila. Upplýsingar varðandi stöður tengdra aðila í árslok eru eftirfarandi:

	2024	2023
Skammtímakrafa á Íslenska getspá	95.188.474	131.484.445

6. Eigið fé

Meðal eigin fjár er uppsafnað endurmat fastafjármuna en fasteignir sambandsins eru eignfærðar á fasteignamatsverði og virðisbreytingar færðar yfir eigið fé.

Yfirlit um breytingar á eigin fé:

Hreyfingar 2023	Eigið fé
Staða í ársbyrjun	2.062.262.556
Breyting á eignfærslu fasteigna	13.946.500
Hagnaður ársins	108.399.176
	2.184.608.232

Hreyfingar 2024	Eigið fé
Staða í ársbyrjun	2.184.608.232
Endurmat fasteigna	25.052.500
Hagnaður ársins	30.017.558
	2.239.678.290

7. Þóknun endurskoðanda

	2024	2023
Þóknun til endurskoðanda greinist þannig:		
Endurskoðun ársreiknings	5.691.768	5.052.141
Önnur þjónusta	229.586	316.448
	5.921.354	5.368.589

Skýringar

Sundurliðanir

2024

2023

8. Framlag ríkissjóðs

Framlag Ríkissjóðs af fjárlögum	796.400.000	790.900.000
Aðrir styrkir Ríkissjóðs	50.323.485	35.000.000
	<u>846.723.485</u>	<u>825.900.000</u>
<i>Sundurliðun heildarframlags:</i>		
Til Afrekssjóðs ÍSÍ	(392.000.000)	(392.000.000)
Til Ferðasjóðs íþróttafélaga	(126.900.000)	(126.900.000)
Til sérsambanda ÍSÍ	(104.000.000)	(102.000.000)
Til ÍSÍ vegna reksturs	(173.500.000)	(170.000.000)
Til svæðisstöðva íþróttahéraða	(35.323.485)	0
Styrkur v/COVID-19	0	(20.000.000)
Styrkur v/heilsueflingar eldri borgara	(15.000.000)	(15.000.000)
	<u>(846.723.485)</u>	<u>(825.900.000)</u>

9. Úthlutanir frá Íslenskri getspá og Íslenskum getraunum

Heildartekjur frá Íslenskri getspá	1.440.178.819	1.433.131.280
	<u>1.440.178.819</u>	<u>1.433.131.280</u>
<i>Ráðstöfun samkvæmt úthlutunarreglum:</i>		
Til íþróttahéraða	(499.265.298)	(500.418.671)
Til sérsambanda ÍSÍ	(413.738.519)	(407.678.241)
Útbreiðslustyrkir til sambandsaðila ÍSÍ	(183.188.172)	(220.964.087)
Til Viðhalds- og byggingarsjóðs	(116.675.000)	(128.342.500)
Til Afrekssjóðs ÍSÍ	(105.480.299)	(103.983.096)
Til svæðisstöðva íþróttahéraða	(50.152.000)	0
Til ÍSÍ vegna reksturs	(71.679.531)	(71.744.685)
	<u>(1.440.178.819)</u>	<u>(1.433.131.280)</u>
Úthlutun frá Íslenskum getraunum	28.000.000	21.000.000
Úthlutanir frá Íslenskri getspá og Íslenskum getraunum alls	<u>1.468.178.819</u>	<u>1.454.131.280</u>

10. Erlendir styrkir frá IOC og EOC

Styrkur IOC v/Top Programme	29.671.176	29.878.368
Skrifstofustyrkir	23.748.950	23.732.700
Afreksstyrkir OS til sérsambanda	27.240.800	18.545.550
Styrkir v/íþróttaleika	13.413.082	7.032.945
Fræðslustyrkir OS til sérsambanda	3.359.732	6.028.743
Verkefnastyrkir	18.783.573	3.543.785
	<u>116.217.313</u>	<u>88.762.091</u>

Skýringar

Sundurliðanir	2024	2023
11. Aðrar tekjur		
Hlutur sérsambanda og aðrar tekjur v/pátttöku í leikum	13.173.860	32.579.859
Styrkir Ólympíufjölskyldu ÍSÍ	17.074.452	17.384.452
European Commission, Erasmus+ styrkur v/Íþróttaviku Evrópu	23.952.000	22.218.640
European Commission, Erasmus+ styrkur v/5C's verkefni	6.621.482	5.602.817
Fjarnám þjálfaramenntunar	6.065.610	6.981.200
Lýðheilsusjóður, styrkir v/almenningsíþróttaverkefna	2.000.000	700.000
Tekjur frá UMFÍ v/Skilakerfis ÍSÍ og UMFÍ	6.200.029	5.991.177
Aðrar tekjur og styrkir	10.632.792	5.648.145
Innheimtar tekjur frá fyrra ári	25.000.000	25.000.000
	110.720.225	122.106.290
12. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		
Laun og launatengd gjöld	208.195.348	192.618.754
Tölvuþjónusta, hýsing og viðhald tölvubúnaðar	9.970.056	8.357.451
Funda- og ferðakostnaður	8.285.043	10.617.244
Akstur og rekstrarleiga bifreiða	5.828.943	6.095.352
Sími og póstkostnaður	2.090.575	1.916.520
Annar skrifstofukostnaður	26.427.995	21.057.498
	260.797.960	240.662.819
13. Fræðsla og almenningsíþróttir		
Íþróttavika Evrópu	18.319.593	21.553.052
Samstarfsverkefnið 5C's	9.397.604	5.507.048
Hjólað í vinnuna	5.721.353	7.254.982
Lífshlaupið	8.573.212	6.599.021
Fjarnám þjálfaramenntunar	7.753.003	9.104.260
Fræðslustyrkir OS til sérsambanda	3.180.783	6.028.743
Annar kostnaður	8.275.960	4.305.317
	61.221.508	60.352.423
14. Afreksíþróttir og leikar		
Smáþjóðaleikar	1.075.874	55.163.929
Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar	2.501.348	37.603.046
Evrópuleikar	0	4.338.040
Ólympíuleikar og Ólympíuleikar ungmenna	77.405.699	1.855.951
Afreksstyrkir OS til sérsambanda	31.240.800	18.545.550
Laun og launatengd gjöld Afrekssviðs	2.957.879	1.953.505
Annar kostnaður Afrekssviðs	1.590.601	2.389.061
	116.772.201	121.849.082

Skýringar

Sundurliðanir

2024

2023

15. Íþróttamiðstöðin í Laugardal

Viðhald húsnæðis og lóðar	81.539.846	53.253.293
Fasteignagjöld	15.267.500	15.165.400
Þjónustugjald rekstraraðila kaffiteríu	3.600.000	3.600.000
Annar rekstrarkostnaður	46.700.264	39.866.005
Endurgreiddur kostnaður	(52.265.957)	(11.630.116)
	<u>94.841.653</u>	<u>100.254.582</u>

16. Önnur verkefni og kostnaður

Skilakerfi ÍSÍ og UMFÍ	20.712.516	19.970.596
Íþróttaping og formannafundur ÍSÍ	3.020.358	13.415.708
Bjartur lífsstíll - átaksverkefni v/heilsueflingar 60+	9.276.852	11.500.783
Íþróttamaður ársins	6.418.242	1.827.861
Nefndir, ráð og önnur verkefni	2.269.725	1.255.729
Gjafir, heiðursveitingar og móttaka gesta	3.353.617	1.709.214
Styrkur til Lyfjaeftirlits Íslands	1.558.294	1.018.606
Endurskoðun og önnur sérfræðiþjónusta	6.038.534	6.355.308
Kostnaður sjóða	26.663.462	0
Annar kostnaður	<u>2.634.022</u>	<u>933.581</u>
	<u>81.945.622</u>	<u>57.987.386</u>

17. Yfirlit ÍSÍ, sérgreindra sjóða og verkefna 2024

Rekstraryfirlit

	ÍSÍ	Afreks- sjóður	Ferða- sjóður	Viðhalds- og bygg.sjóður	Svæðisst. íþróttahéraða	Samtals
Rekstrartekjur						
Framlag ríkissjóðs.....	292.500.000	392.000.000	126.900.000		35.323.485	846.723.485
Úthlutanir frá Ísl.getspá og Ísl.getr..	1.195.871.520	105.480.299		116.675.000	50.152.000	1.468.178.819
Erlendir styrkir frá IOC og EOC.....	116.217.313					116.217.313
Húsaleigutekjur.....	55.156.984					55.156.984
Aðrar tekjur.....	81.094.603				29.625.622	110.720.225
	1.740.840.420	497.480.299	126.900.000	116.675.000	115.101.107	2.596.996.826
Rekstrargjöld						
Veitt framlög og styrkir.....	1.200.191.989	504.568.653	124.809.566			1.829.570.208
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður..	254.703.960	3.000.000	3.094.000			260.797.960
Fræðsla og almenningisíþróttir.....	61.221.508					61.221.508
Afreksíþróttir og leikar.....	102.772.201	14.000.000				116.772.201
Íþróttamiðstöðin í Laugardal.....	71.272.191			23.569.462		94.841.653
Svæðisstöðvar íþróttahéraða.....	0				115.101.107	115.101.107
Annar kostnaður.....	81.756.852	188.770				81.945.622
Afskriftir.....	8.402.500					8.402.500
	1.780.321.201	521.757.423	127.903.566	23.569.462	115.101.107	2.568.652.759
Rekstrarafkoma án vaxta.....	(39.480.781)	(24.277.124)	(1.003.566)	93.105.538	0	28.344.067
Fjármunatekjur og fjárm.gjöld.....	8.029.169	3.766.501	2.774.150	25.353.361	36.074.329	75.997.510
Önnur hlutdeild frá Ísl.getspá	(74.324.019)	0	0	0	0	(74.324.019)
Rekstrarafkoma ársins.....	(105.775.631)	(20.510.623)	1.770.584	118.458.899	36.074.329	30.017.558
Efnahagsyfirlit						
Eignir	0	Afreks- sjóður	Ferða- sjóður	Viðhalds- og bygg.sjóður	Svæðisst. íþróttahéraða	Samtals
Fastafjármunir						
Fasteignir	856.900.000					856.900.000
Eignarhluti í Íslenskri getspá.....	794.511.279					794.511.279
	1.651.411.279	0	0	0	0	1.651.411.279
Veltufjármunir						
Viðskiptakröfur - fyrirframgreiðslur..	114.198.162	0				114.198.162
Viðskiptareikningar ÍSÍ/sjóðir.....	0	3.952.793	1.588.903		10.538.945	16.080.641
Handbært fé.....	252.630.582	108.112.629	129.123.537	397.270.067	390.211.899	1.277.348.714
	366.828.744	112.065.422	130.712.440	397.270.067	400.750.844	1.407.627.517
Eignir alls	2.018.240.023	112.065.422	130.712.440	397.270.067	400.750.844	3.059.038.796
Eigið fé og skuldir						
Eigið fé						
Óráðstafað eigið fé.....	1.754.277.671	68.811.714	6.813.971	373.700.605	36.074.329	2.239.678.290
Langtímaskuldir						
Skammtímaskuldir						
Ógreidd starfsmannagjöld.....	31.533.769				100.000.000	100.000.000
Viðskiptareikningar ÍSÍ/sjóðir	16.080.641					16.080.641
Ógreiddir styrkir og bætur.....	0	43.253.708	123.898.469			167.152.177
Aðrar skuldir.....	216.347.943			23.569.462		239.917.405
Fyrirframinnheimtar tekjur.....					264.676.515	264.676.515
	263.962.353	43.253.708	123.898.469	23.569.462	364.676.515	819.360.507
Eigið fé og skuldir	2.018.240.023	112.065.422	130.712.440	397.270.067	400.750.844	3.059.038.796

18. Samanburður rekstrar við fjárhagsáætlun 2024

	Áætlun	Uppf.áætlun*	Niðurstöður	Hlutfall
Rekstrartekjur				
Framlag ríkissjóðs	923.000.000	1.011.400.000	846.723.485	83,7%
Úthlutanir frá Ísl.getspá og Ísl.getraunum	1.202.000.000	1.208.000.000	1.468.178.819	121,5%
Erlendir styrkir frá IOC og EOC	97.450.000	105.550.000	116.217.313	110,1%
Húsaleigutekjur	52.640.000	53.340.000	55.156.984	103,4%
Aðrar tekjur	91.040.000	143.690.000	110.720.225	77,1%
Frestaðar tekjur vegna svæðisstöðva	0	(67.000.000)	0	0,0%
	<u>2.366.130.000</u>	<u>2.454.980.000</u>	<u>2.596.996.826</u>	105,8%
Rekstrargjöld				
Veitt framlög og styrkir	1.847.643.000	1.703.004.743	1.829.570.208	107,4%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	258.500.000	277.080.000	260.797.960	94,1%
Fræðsla og almenningsíþróttir	47.000.000	62.200.000	61.221.508	98,4%
Afreksíþróttir og leikar	72.300.000	101.300.000	116.772.201	115,3%
Íþróttamiðstöðin í Laugardal	82.000.000	122.300.000	94.841.653	77,5%
Svæðisstöðvar íþróttahéraða	0	192.200.000	115.101.107	59,9%
Annar kostnaður	37.960.000	53.460.000	81.945.622	153,3%
Afskriftir	0	0	8.402.500	
	<u>2.345.403.000</u>	<u>2.511.544.743</u>	<u>2.568.652.759</u>	102,3%
Hagnaður fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	20.727.000	(56.564.743)	28.344.067	-50,1%
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	5.120.000	43.380.000	75.997.510	175,2%
Önnur hlutdeild frá Íslenskri getspá	0	0	(74.324.019)	
Afkoma ársins	<u>25.847.000</u>	<u>(13.184.743)</u>	<u>30.017.558</u>	-227,7%

* Áætlun byggir á samþykkt Íþróttabings 2023 en uppfærð áætlun hefur að geyma auk reksturs skrifstofu ÍSÍ, rekstur Afrekssjóðs, Ferðasjóðs, Viðhalds- og byggingarsjóðs og rekstur svæðisstöðva íþróttahéraða.

Undirritunarsíða

Forseti ÍSÍ
Lárus Rafn Blöndal

Gjaldkeri framkvæmdastjórnar ÍSÍ
Hörður Þorsteinsson

Framkvæmdastjóri ÍSÍ
Andri Stefánsson

Skoðunarmaður
Sigríður Ármannsdóttir

Skoðunarmaður
Jón Þorkelsson

Löggiltur endurskoðandi
Sara Henný H Arnbjörnsdóttir